



Reykjavík, 8. október 2019
VEL2019070013
RÁ/sea/kg

*Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11*

Efni: Svar við fyrirspurn dags. 18. júlí 2019 um fjölda heimilislausra- R19070148.

Á fundi borgarráðs 18. júlí 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins, sem var vísað til umsagnar velferðarsviðs:

Hver var fjöldi heimilislausra 1. júní 2018? Hver er fjöldi heimilislausra 1. júní 2019? Til hvaða úrræða hefur verið gripið í þessum málaflokki á liðnu ári? Hvað eru margir heimilislausir skráðir í úrræði hjá Reykjavíkurborg miðað við 1. júní 2019?

Svar:

Þann 1. júní 2018 voru 974 einstaklingar á bið eftir almennu félagslegu húsnæði en 785 1. júní 2019.

Í ágúst 2019 voru 83 einstaklingar á biðlista eftir sértæku húsnæði fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarir en á sama tíma, eða 1. ágúst 2018 voru þeir 74. Þegar rætt er um einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarir er stuðst við skilgreiningu Evrópusambandsins (ETHOS) en þar er átt við einstaklinga sem glíma við margþættan vanda (vímuefna- og/eða geðrænan, þroskafrávik og/eða mikil áföll í lífinu), búa við óstöðugleika í búsetu til lengri eða skemmri tíma og þarfnast margháttads stuðnings. Þessir einstaklingar eru yfirleitt með flóknar þjónustufarir og þarfnast því sérhæfðrar búsetu og þjónustu, svokallaða lágþröskuldaþjónustu en í því felst að hindranir eru fjarlægðar í þeim tilgangi að auðvelda einstaklingum að nýta sér þjónustuna.

Tafla 1 sýnir fjölda á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir.

Tafla 1. Fjöldi á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir í ágúst 2019.

Tegund þjónustu	Ágúst 2018	Ágúst 2019
Áfangaheimili	27	28
Sjálfstæð búseta- dreifðar íbúðir	20	26
Sjálfstæð búseta/ samliggjandi íbúðir	27	29
Samtals	74	83

Einstaklingum á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir hefur fjölgað um níu á tímabilinu 1. ágúst 2018 til 1. ágúst 2019. Ef áfangaheimili eru undanskilin þá hefur umsóknum fjölgað um sjö. Á áfangaheimilum búa þeir einstaklingar sem náð hafa tökum á vímuefnaneyslu sinni en í sjálfstæðri búsetu/dreifðum íbúðum og sjálfstæðri búsetu/samliggjandi íbúðum geta búið einstaklingar sem enn neyta vímuefna.

Til hvaða úrræða hefur verið gripið í þessum málaflokki á liðnu ári?

Í desember 2017 ákvað Reykjavíkurborg að koma upp húsnæði í Víðinesi fyrir 14 heimilislausa einstaklinga en um neyðarhúsnæði var að ræða og ætlað til tímabundinnar notkunar. Tekist hefur að útvega níu einstaklingum sem þar bjuggu varanlegt húsnæði og er verið að vinna að viðeigandi lausnum fyrir þá fimm sem enn dvelja í Víðinesi.

Í borgarráði 20. september 2018 voru heimiluð kaup á 25 smáhýsum. Von er á að 7-9 smáhýsi verði tekin til notkunar fyrir áramót.

Í borgarráði 22. nóvember 2018 var samþykkt kauptilboð á neyðarhúsnæði fyrir 15 unga vímuefnaneytendur. Framkvæmdir standa yfir á húsnæðinu í dag en vonir standa til að það opni í október n.k.

Þann 20. júní 2019 samþykkti borgarráð kaup á fasteign þar sem rekinn verður íbúakjarni fyrir sex tvígreindar konur. Umrætt úrræði er skilgreint á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019 en þar sem væntanlegir íbúar munu þurfa þjónustu á grundvelli vímuefnavanda og heimilisleysis er úrræðið tiltekið sem hluti af úrlausn fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Heimilið verður tekið í notkun um miðjan október.

Í desember 2017 samþykkti velferðaráð að íbúðum á grundvelli hugmyndafræði um Housing first (HF) verði fjölgað um fjórar á ári eða samtals tólf á tímabilinu 2018-2020 og á sama tíma verði stöðugildum í vettvangs- og ráðgjafarteymi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (VOR- teymi) fjölgað um sex til að styðja betur við þetta búsetuform. VOR-teymið veitir í dag 12 einstaklingum stuðning í sjálfstæðri búsetu sem byggir á HF hugmyndafræðinni auk þess að veita þjónustu í samliggjandi íbúðum, smáhýsum og neyðarskýlum. Árið 2017 var þremur íbúðunum úthlutað undir HF þjónustu, fimm á árinu 2018 og fjórar íbúðir koma til úthlutunar í byrjun október n.k. Fjórir einstaklingar búa í hefðbundnu félagslegu húsnæði og hafa fengið stuðning frá VOR-teyminu. Stöðugildin í VOR-teyminu í dag eru 11 en voru 6 árið 2017. Eitt stöðugildi bætist við teymið árið 2020.

Hvað eru margir heimilislausir skráðir í úrræði hjá Reykjavíkurborg miðað við 1. júní 2019?

Í dag dvelja 36 einstaklingar í húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir (sjá fyrstu fjórar línur í töflu 2). Auk þess eru fóst pláss í neyðarskýlum 33 en hægt að bæta við allt að 9 plássum í neyðartilvikum, eða samtals 42 pláss í gistiskýlinu við Lindargötu og í Konukoti.

Tafla 2. Húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustu þarfir í ágúst 2019

Tegund húsnæðis	Fjöldi í húsnæði / búsetu 2019
Samliggjandi íbúðir	11
Smáhýsi	4
Stakar íbúðir	12
Herbergjasambýli	9
Gistiskýlið Lindargötu	25(30)
Konukot	8(12)
Samtals	69 (78)

Virðingarfyllt,

Regína Ásvaldsdóttir

